

**Nd.**

**388. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „1. marz“ í síðari mgr. 1. gr. laganna komi: 1. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Sökum þess, að þingstörfin hafa tafizt mjög við tilraunir þær til stjórnarmyndunar, sem farið hafa fram undanfarna mánuði, er fyrirsjáanlegt, að fjárlög verði ekki afgreidd frá Alþingi innan þess tíma, sem tiltekinn er í lögnum. Fyrir því ber nauðsyn til að framlengja heimild þá til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði, er veitt var með greindum lögum, og er frv. borið fram í þeim tilgangi. — Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra.